


Murry þótti virðingu sinni hallað með því að vera borinn saman við Davíð konung, og stefndi klerkinum fyrir meiðyiði. Dr. Torrey beiddist afsökunar á nmmælunum, en Murry gerði sig ekki ánægðan með það, en vildi láta dómstólana skera úr hvort ekki væri hnekt virðingu manna með því að líkja þeim við Davíð, og varð svo að vera. Var klerkurinn dæmdur til \$200 útláta og að afturkalla orð sín.

Þótti mál þetta fáheyrt og allbroslegt og virðist mörgum sem frekar sé farið að snjást helgislæður patriarkanna og annara fornra dýrðlinga, er það teljast meiðyiði og varðar útlátum að líkja mönnum við þann sem umfram aðra á Gamla testamentis dögum var talinn maður „eftir guðs hjarta“. Hvað virðist bókstafstrúarmönnum um dóm þenna? Hér væri efni til íhugunar fyrir séra Kristinn að útskýra fyrir „*alþýðu manna*“



## Smásögur úr „Talmud“-inum.

### I. Sannleikur.

Þá guð var í þann veg að skapa manninn söfnuðust englarnir í kringum hann. Nokkrir þeirra opnuðu varir sínar og ákölluðu hann segjandi: „Skapa, ó, drottinn, verur, er vegsami þig frá jörðunni, eins og vér syngjum um þína dýrð á himnum“.

En aðrir sögðu: „Heyr vora bæn, Almáttugi Konungur, skapa ei fleira. Hin dýrðlega eining himnanna, er þú hefir jarðríki veitt, væri með því rofin. Af mannum verður hún eyðilögð“.

Djúp þögn féll yfir herskarana andvígu, er Miskunnsemdanna Engill tærði sig fyrir náðarhásætið og kraup á kné. Í viðkvæmum róm sagði hann með bænarröðum: „Faðir minn! skapa mann og ger hann eftir þinni heilögu mynd og líkingu. Hjarta hans vil eg fylla guðdómlegri meðaumkun og hræra sál